



Ástríður

sápa, drama eða spaug.
LEIKDÓMUR Á SÍÐU 6



september 2009

menning

[SÉRBLAD FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

Leikhúsaðsókn á landinu í fyrra.

Fegrar leikhúsfólk stöðuna?

BLS 4

OP Á ÍSLANDI ENN *ókannað*

Sýningin *Blik* í Listasafni Reykjavíkur dregur fram verk nokkurra listamanna hér á landi sem stunduðu formkönnun í anda op-listarinnar. En eru öll kurl komin til grafar?

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON


Sýningin er kærkomin. Op-listin sem átti sér forgöngumenn í Bauhaus-skólanum og tengdist rannsókn á sjónskynjun á form og liti framur öðru var skammlíft fyrirbæri á sjöunda áratugnum. Á sýningunni á Kjarvalsstöðum eru dregin fram nokkur verk Eyborgar Guðmundsdóttir frá hennar stutta ferli 1959-1977 og studd verkum eftir nokkra aðra íslenska myndlistarmenn sem reru á sömu mið, Arnar Herbertsson og Jón Gunnar, Ransu, Helga Þorgils og Ólaf Elíasson. En sýningin gerir ekki á réttmætan hátt grein fyrir op-listinni hér, né heldur hlut Eyborgar sérstaklega.

Í grein helgaðri Eyborgu í Skírni 2007 furðar Hrafnhildur Schram listfræðingur sig á því að gengið var hjá Eyborgu í yfirlits-sýningu um geometríuna í Listasafni Íslands 1998. Ári fyrr settu þeir Pétur Arason og Ingólfur Arnarson upp sýningu með verkum hennar á Annarri hæð við Laugaveg og kvörtuðu sáran yfir að hún væri gleymd.

Eyborg var fædd 1924. Hún átti ung við vanheilsu að stríða og stundaði aldrei formlegt listnám. Þegar hún hleypti heimdragnum og fór til Parísar 1959 hætta hún við að setjast á skólabeck en hóf nám hjá Vasarely hinum ungerska, upphafsmanni op-sins. Hann var umsagnaraðili á umsóknum hennar um styrki 1961 og 1962. Hún sýndi með Group Measure í Evrópu á þessum árum en hingað heim komin urðu einkasýningar hennar þrjár: 1965 í Bogasal, á Mokka 1966 og loks í Norræna húsinu 1975. Hún lést tveimur árum síðar af völdum krabbameins.

Greina má á sýningunni *Blik* að um 1965 hefur Eyborg verið á svipuðu róli og Bridget Riley hin breska sem enn heldur sig í fullu fjöri við op-tilbrigði í verkum sínum. Hversu skarpt Eyborg hendir sér í op-listina má vístast skýra með kynnum hennar af Sigríði Björnsdóttur og Dieter Roth. Reyndar má telja bækur hans unnar í Reykjavík 1957 og 1958 skýrar tilraunir með op. Þeirra áhrifa gættir í ýmsum verkum hans allt til 1965. Má í því sambandi nefna plakát hans fyrir Louisiana og Stedeliijk 1961 og allt til verka á borð við *Goodbye Sharpie* 1965. En hann er ekki tekinn með á þessa sýningu og eru þó hæg heimatökin.

Ekki er nokkur vegur að gera sér grein fyrir tengslum milli verka Eyborgar frá nærri tólf ára tímabili og til dæmis límbandsverkum Harðar Ágústssonar, og reyndar annarra manna í Evrópu sem unnu með svip-



Án titils eftir Eyborgu Guðmundsdóttur 1975.

aða tækni. Líkindin eru mikil. Og könnun hennar í dýptarverkum á áttakamætti litar og línu í dýptarverkum á sér margar hlíðstæður í verkum op-ista frá Suður-Ameríku til Ítalíu. Og vitandi af framlagi hennar þá saknar maður þess í hvert sinn sem fram kemur yfirlitsverk um þessa áhrifamiklu listastefnu að hennar skuli ekki getið þar að verðleikum. En það er líka vegna þess

að hún er ekki þekkt hér og enginn sótt að rétta hlut hennar.

Upplifun í skynjun augans á samspili forms og litar var eitt mesta einkenni op-listamanna og með því færðist þunginn á skynjun áhorfanda sem nú er mikið látið með, ekki síst fyrir vasklega framgöngu Ólafs Elíassonar sem fær að fljóta með á sýningunni með sitt fræga verk um litbrigð-

in. Og þá rifjast enn upp þakkarskuld hans við Gerhard Richter og litaskala-tilraunir hans upp úr 1970. Því enginn er eyland, en það er löngu kominn tími til að sannaður sé staður Eyborgar Guðmundsdóttur á meginlandi Op-listarinnar. Það er enn eftir með stórri yfirlitssýningu með verkum hennar og skyldi þess vera vant af einni ástæðu – jú hún var kona.

eitthvað alveg einstakt



Íslensk list



Galleri List

Skipholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is